

ÉG ER HEIMSÁLFA

Paraverkefni

Þið ætlið að gerast sérfræðingar í ákveðinni heimsálfu.

Verkefnalýsing:

Þið veljið ykkur eina heimsálfu til að fjalla ítarlega um. Markmiðið er að þið verðið sérfræðingar í ykkar heimsálfu. Munið að þið getið notað þær upplýsingar sem þið hafið nú þegar um heimsálfuna. Verkefnið setjið þið síðan inn á heimasíðuna ykkar sem glærुकynningu (slide).

Afurð: Slides inn á google heimasíðunni ykkar

Viðmið um árangur:

- Ég get unnið með öðrum.
- Ég get hlustað á skoðanir annarra.
- Ég get sett upp heimildaskrá.

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- Unnið á skapandi og gagnrýnni hátt, sjálfstætt og með öðrum.
- Rætt og borið saman ólík trúar- og lífsviðhorf og gert sér grein fyrir hvað er sameiginlegt og hvað sérstætt.
- Valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi.

Eftirfarandi eru atriði sem verða að koma fram í verkefninu ykkar:

1. Landslag - stærstu/helstu ár, vötn, fjallgarðar, skógar, eyðimerkur o.s.frv.
2. Náttúrufar - hvaða loftslagsbelti og gróðurbelti eru í heimsálfunni - gróðurfar og loftslag.
3. Algengustu tungumálin
4. Helstu auðlindir

Hér fyrir neðan má sjá dæmi um þau atriði sem þið getið aflað ykkur upplýsinga um og bætt við verkefnið ykkar. **ATH.** Þið verðið að velja að minnsta kosti **þrennt** hér að neðan:

- Gróðurfar
- Helstu einkenni
- Helstu atvinnuhættir
- Fjölmennustu borgir
 - Matur
 - Tónlist
 - Frægt fólk
 - Trú

Þjóðir/þjóðarbrot

Um víða veröld, heimsálfur er hægt að opna HÉR

